

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 20. desember 1995 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Bókstafslíður c) í 98. gr. orðist svo:

Til M.A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, heimspeki, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði og sagnfræði.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 15. janúar 1996.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.